



Akraneskaupstaður

Akraneskaupstaður  
b.t. bæjarráðs  
Stillholti 16-18  
300 Akranes

Erindið sent með tölvupósti  
á netfangið [steinar.adolfsson@akranes.is](mailto:steinar.adolfsson@akranes.is)

Akranesi, 07.10.2019  
1901099 EMG

**Efni: Bókasafn framtíðarinnar**

Á fundi menningar- og safnanefndar, sem haldinn var þann 2. október sl., var lögð lokahönd á framtíðarsýn Bókasafns Akraness til ársins 2023.

Undirritaðri var falið að leggja meðfylgjandi tillögu að framtíðarsýn Bókasafnsins fyrir bæjarráð.

Fyrir hönd menningar- og safnanefndar,

Ella María Gunnarsdóttir  
forstöðumaður menningar- og safnamála

Samrit:  
Afrit:



## FRAMTÍÐARSÝN BÓKASAFNS AKRANESS 2020-2023

### AÐSTAÐA FYRIR BÆJARBÚA

Bókasafnið er menningarlegur miðpunktur bæjarfélagsins. Hér koma allir bæjarbúar á eigin forsendum og sækja sér innblástur, fræðslu og afþreyingu. Rými safnsins er bæði fallegt og hlýlegt og húsgögn fjölnota svo það bjóði upp á möguleika á fjölbreyttri samveru, sýningahaldi, sjálfsprotnu starfi sem og skipulögðu starfi fyrir alla aldurshópa. Rýmið sameinar félagsstarf og fræðslu þvert á bæjarfélagið og safnið er í nánu samstarfi við aðrar menningar- og fræðslustofnanir sem og félagasamtök í bænum.

### TÆKNI

Bókasafnið leggur áherslu á aukið aðgengi að skapandi tækni á safninu og stuðla þannig markvisst að auknu tæknilæsi bæði yngri og eldri kynslóða. Óformleg fræðsla vekur forvitni og áhuga gesta og styður við nútímalega þekkingaröflun. Safnið er framarlega í sjálfsafgreiðslu og nýjungum í stafrænni bókasafnsþjónustu. Bókasafnið býður upp á góða aðstöðu, tölvur og net fyrir gesti og er í nánu samstarfi við bæjarbúa um þau tæki sem margir myndu kjósa að hafa aðgang að, svo sem prentara, hugbúnað og annað slíkt. Góð aðstaða og aðgengi utan opnunartíma til að stunda vinnu, fjarnám og sækja námskeið.

### MIÐLUN

Bókasafnið býður stöðugt upp á fræðslu, námskeið, sýningar og áhugaverða viðburði um ýmis málefni og hugarefni bæjarbúa sem hvetja alla aldurshópa til að koma saman og hittast. Safnið er miðpunktur félagsstarfs og miðlar upplýsingum til gesta um þjónustu í bænum. Nýjungum í þjónustuframboði og starfi er miðlað á markvissan og lifandi hátt á öllum viðeigandi stafrænum miðlum sem og prentmiðlum á þann hátt að það nái til ólíkra markhópa. Miðlun á safnkosti er lifandi og styður við markmið um að auka læsi og áhuga íbúa á bókmenntum. Bókasafnið vinnur náið með nærsamfélaginu og þróar þjónustu sýna byggt á þeirra þörfum.

### ÞJÓNUSTA

Þjónustan er persónuleg og veitt af starfsfólki með fjölbreytta hæfni. Faglegt starf og fræðslustarf með skólum er í stöðugri þróun. Opnunartími er í takt við þarfir bæjarbúa þar sem þeir geta nýtt sér safnið í sínum frítíma bæði fram á kvöld og um helgar. Lögð er áhersla á að auðvelda og auka aðgengi gesta að faglegri þjónustu á ákveðnum tímum en á móti að auka ómannaðan opnunartíma þar sem bæjarbúar geta nýtt rýmið á eigin forsendum og nýtt sjálfsafgreiðsluvélar.

Samrit:

Afrit: